
218. Willum Þór Þórsson (Svar på spærgsmál)

Ég vil þakka þessa góðu spurningu. Fyrir mér er þetta ekki bara spurning heldur líka bara mjög góð ábending og hvatning til að vinna betur og meira saman á þessu sviði. Mér finnst alltaf þegar Norðurlandaráð kemur saman, og við vorum hér saman í gærkvöldi í góðum gír að afhenda verðlaun, og í fyrrakvöld, að við náum einhvern veginn mjög vel saman í gegnum menninguna. Það speglar mjög vel samhengi samvinnunnar og þessa framtíðarsýn sem við höfum um okkar svæði.

Það sem við höfum gert hér til að mynda á sviði kvikmynda á Íslandi, talandi um hvata, er stuðningskerfi í formi endurgreiðslu, að vinna verkefnin hér, kvikmyndaverkefnin, og laða að okkur erlend kvikmyndaverkefni. Það er mjög góð og sterk kvikmyndahefð, getum við sagt, á Norðurlöndunum og ég held að við ættum að horfa á einhvers konar sameiginlegt stuðningskerfi á Norðurlöndunum í frekari samvinnu á þessu sviði. Mér finnst þetta bara mjög góð ábending um leið og þetta er mjög góð spurning.

Skandinavisk översättning

Jag skulle vilja tacka för en bra fråga. Som jag ser det handlar det inte bara om en fråga utan ett mycket bra påpekande och en uppmaning att öka och förbättra vårt samarbete på detta område. Jag tycker alltid att när Nordiska rådet samlas, som vi gjorde i går kväll för att utdela priserna, och kvällen därefter, att vi knyter mycket bra kontakter genom kulturen. Det

återspeglar på ett mycket bra sätt hur samarbetet hänger samman med visionen som vi nu har för vår region.

Det vi har gjort här på Island, till exempel när det gäller filmproduktion, när vi nu diskuterar incitament, är att vi har en stödordning i form av ersättning för kostnader, för att göra det möjligt att producera film här och för att locka till oss utländsk filmproduktion. Norden har en mycket stark filmtradition, kan vi lugnt påstå, och jag tycker att vi borde se på möjligheten att utveckla en gemensam nordisk stödordning av en eller annan typ i samband med fortsatt samarbete inom området. Jag tycker helt enkelt att det är ett mycket bra påpekande samtidigt som frågan är bra.

Information

Speech number

218

Speech type

Svar på spørsmål

Person

[Willum Þór Þórsson](#)

Date

30.10.24 16:37